Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

15. tölublað | Þriðjudagur 17. apríl 1979 | 8. árgangur | Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Nemafélögin baráttufúsust!

Fundir með Sameiningu

Á fundi með fulltrúum ýmissa félagasamtaka sem Baráttueining og Samfylking 1. maí héldu á mánudag 9. apríl var ákveðið að kalla aðgerðir þessara samtaka "Sameining 1. maí gegn kjaraskerðingu". Á þessum fundi voru fulltrúar frá Iðnnema sambandi Íslands, Félagi Bókagerðarnema, Félagi Járniðnaðarnema og Róttæka Félaginu í Hamrahlíð. Síðastnefnda félagið lýsti sig strax samþykkt grundvelli Sameiningar en hin félögin áttu eftir að þinga betur um málið.

Á þessum fundi var rætt um kjörorðin "til baráttu fyrir sósíalísku Íslandi", lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku" námsmannabaráttu og fleira. Kváðu menn að hagsmunafélög gætu ekki tekið afstöðu til svo víðtæks kjörorðs eins og "fyrir sósíalísku Íslandi", enda væri erfitt að koma því fyrir í þeirri deildaskiptingu sem væri í göngu Sameiningar. Fulltrúar Samfylkingar vildu ekki hafa kröfuna "lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku" og sögðu að hún væri taktískt röng, afvegaleiðandi og torskilin. Fulltrúar Baráttueiningar vildu meina að hún væri pólitískt leiðandi og sú krafa sem verkalýðurinn gæti sameinast einhuga um. Fulltrúar Iðnnema bentu á að þessi krafa væri ein af aðalkröfum þeirra. Var ákveðið að ganga með kröfuna fyrir "lífvænlegum launum fyrir 40 stunda vinnuviku" í göngu Sameiningar 1. maí.

Á miðvikudag hélt svo INSÍ fund með fulltrúum Sameiningar 1. maí og Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna. Þar kynntu fulltrúar beggja hreyfinganna sín sjónarmið fyrir formanni og varaformanni INSÍ og 4 fulltrúum nemafélaga. Á eftir voru almennar umræður og var þar deilt hart að sögn Sumarliða sem var fulltrúi Sameiningar. Var iðnnemum bent á að ef þeir gengju með fulltrúaráðinu gengju þeir þvert á yfirlýsta stefnu í kjaramálum og iðnnemar væru að taka sér stöðu með ríkisstjórninni.

Í atkvæðagreiðslu voru tveir sem vildu ganga með fulltrúaráðinu og tveir sem vildu ganga með Sameiningu. Matreiðslunemar höfðu sent bréf á fundinn og var það látið gilda sem atkvæði með fulltrúaráðinu. Iðnnemar munu því ganga með Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna 1. maí og mótmæla kjaraskerðingu ríkisstjórnarinnar um leið og þeir lofa hana og prísa.



1. maí 1978.

Liðsmannafundur Sameiningar 1. maí

SJÁ SÍÐU 2.

"Áður amerísk flotastöð – nú sovésk

SJÁ BAKSÍÐU.

Sameining 1. maí gegn kjaraskerðingu!

Starfið fyrir 1. maí gengur vel. Á laugardaginn 21. apríl verður liðsmannafundur á Hótel Borg frá kl. 3-5. Á fundinum munu verða skemmtiatriði og stutt ávörp og gott að fá sér kaffi í leiðinni. Starfsnefndir eru óðum að komast í gang og fólk er beðið að tilkynna þátttöku hjá Sumarliða í síma 23076 eða Gísla í síma 19393. Búið er að prenta þrjár tegundir veggspjalda og merki Sameiningar 1. maí. Merkið mun fást í Rauðu Stjörnunni og Október-búðinni.

Á föstudag 27. apríl er ætlunin að hafa kökubasar á Útimarkaðinum á Lækjartorgi. Einnig hefur komið sú hugmynd að halda ball um kvöldið á 1. maí. Það er þannig margt að gerast hjá Sameiningu 1. maí og góður starfsandi.

Niðurskurður á rekstrarfé fer að hafa áhrif

> Áætluð kennsla minnkar um 1.515 vinnustundir frá áætlun 1979. Ástæðan liggur einkum í fækkun æfingahópa, en skorin vill með því koma til móts við þann niðurskurð, sem gerður var á tillögum skorarinnar fyrir árið 1979. Auðvitað þýðir þetta minni þjónustu við stúdenta en æskilegt þykir, en einnig má vera að fjölgun stúdenta verði ekki eins mikil og áður var gert ráð fyrir (sbr. töflu). Eitt af skráðum námsskeiðum (11.82) verður ekki kennt á árinu, en brýnt er að geta haldið uppi kennslu í öllum námsgreinum öðrum. Þetta kennsluár hefur verið felld niður kennsla í nokkrum námsskeiðum til BS-prófs í stærðfræði og hefur það ekki komið illa við nema 2 stúdenta vegna óvenjulega lítils árgangs á þriðja námsári. Næsti árgangur á 3. námsári verður hinsvegar af venjulegri stærð og er mjög brýnt að geta boðið fram fulla kennslu, svo þeir nái að útskrifast. Auk umrædds niðurskurðar er á þessu ári felld niður kennsla í tveim þjónustunámsskeiðum fyrir náttúrufræðistúdenta (11.65 og 11.39), til þess að mæta niðurskurði. Brýnt er að til þess þurfi ekki að koma næsta ár.

Eins og greint var frá í Stb. fyrir nokkru sendi Guðlaugur Þorvaldsson, fráfarandi Háskóla rektor, bréf til allra deilda Háskólans þar sem farið var fram á að deildirnar kæmu til móts við skerðingu á fjárveitingu til rekstrurs skólans með því að gera hlut: eins og að fækka námsgreinum, sera niður verklega kennslu o. fl. Stb. benti á að eina raunhæfa svar Háskólans við þessu ætti að vera barátta gegn því en ekki þjónkun við ríkisvaldið og þar með við atvinnurekendur, ef Háskólinn ætti að standa undir nafni sem vísindastofnun en ekki vera þjónustustofnun við atvinnuvegina (þ.e. við atvinnurekendur). Nú eru áhrif þessa bréfs og fjárskerðingarinnar að koma fram. Meðfylgjandi úrklippa er úr greinargerð fyrir fjárhagsáætlun Stærðfræðiskorar Verkfræði- og Raunvísindadeildar (VR-d) HÍ fyrir 1980. Þarna kemur fram skerðing á verklegri kennslu, fækkun námsgreina o. fl. þ. h.

Meira að segja á að fella niður námsskeiðið 11.65 sem er Tölfræði I fyrir líffræðinema, en það er skyldunámsgrein í líffræð á 1. ári. Það þýðir að líffræðinemar sem innritast næsta haust verða að taka þetta námsskeið

framhald á síðu 3

Enn hart barist í Kampucheu

Fréttir berast nú daglega af hörðum bardögum í Kampútseu. Svo virðist, sem vandi leppstjórnar Víetnama fari vaxandi með hverjum deginum sem líður og að henni veitist æ erfiðara að halda vígstöðu sinni. Samkvæmt Jean Pierre Gallois, fréttamanni AFP, sem nýlega heimsótti Pnom Penh, höfuðborg landsins, er ríkisstjórnin þar ekkert nema nafnið eitt.

Matvælaskortur ríkjandi


Stjórnin í Pnom Penh hefur viðurkennt, að hún ráði ekki yfir stórum hlutum landsins, suðvesturhlutar þess, landamærahéruðin gegnt Thailandi og stór svæði í norðri eru algerlega á valdi rauðu khmeranna. Samtímis berast fréttir af því, að víetnamski herinn haldi öllum landamærahéruðum sem vita að Laos og Víetnam. Pnom Penh stjórnin er raunverulega ekkert annað en draugastjórn, sem litlu eða engu fær ráðið um þróun mála í landinu. Utanríkisráðherra Pnom Penh stjórnarinnar, Hun Sen hefur viðurkennt að stjórn hans eigi við alvarleg vandamál að etja. Samkvæmt honum er alvarlegasta vandamálið mikill matvælaskortur. Þessi yfirlýsing utanríkisráðherrans kemur heim og saman við það sem Gallois segir, að íbúar landsins lifi hálfgerðu hirðingjalífi, safni rótum og villtum ávöxtum, og lifi af fiski og blöðum auk skammta af hrísgrjónum og mjöli, sem stjórnin útbýtir af og til.

Sú staðreynd, að leppstjórnin í Kampútseu hefur þrefalt fleiri víetnamska ráðgjafa en kampútsíska og að tíu víetnamskir hermenn eru á móti hverjum einum kampútsískum í hinum svokallaða "her landsins", sýnir ljóslega að Heng Samrin og klíka hans er einvörðungu leppur fyrir víetnamska innrásarliðið.

Heng Samrin njósnari.

Þegar víetnamar hófu innrás sína í Kampútseu í janúar, var margt á huldu um forystumenn

framhald á baksíðu



Allt frá innrásinni í Tékkóslóvakíu hafa Sovétríkin verið að auka við yrirráðasvæði sitt. Hér gefur að líta nokkur nöfn þeirra þjóða sem hafa orðið fyrir barðinu á yfirgangsstefnu þeirra.

LEIÐARI

Andóf '79

Nú er tæpt ár liðið frá stofnun sk. vinstri-stjórnar. Á þessum stutta ferli hefur hún sýnt sig vera enginn eftirbátur hægri-stjórnarinnar í því að ráðast á kaup og kjör launafólks.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa í skjóli ítaka sinna innan forystu stéttarfélaganna lækkað kaupið verulega án þess að til nokkurra varnaraðgerða hafi komið af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Ríkisstjórnin hefur einnig áætlað aukna kjaraskerðingu á þessu ári, meðal annars að skerða vísitölubætur á laun. Mun einnig að því stefnt að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu.

En það er ekki ríkisstjórnin ein sem ber ábyrgð á kjaraskerðingunni. Það eru ekki síður einstakir forystumenn launþegahreyfingarinnar sem hafa svikið málstað umbjóðenda sinna og gert það að markmiði verkalýðshreyfingarinnar að viðhalda ríkisstjórninni. Þeir hafa orðið hlaupatíkur ríkisstjórnarflokkanna til að sætta þá innbyrðis og vernda þannig kaupránsríkisstjórnina. Þeir taka þátt í alls kyns makki og laumuspili þar sem hagsmunir launþega eru lagðir til hliðar. Þeir hafa gert sig seka um grófa misnotkun þess valds sem þeim hefur verið falið.

Samkomulag BSRB og ríkisins er í þessum anda. Forysta ASÍ samþykkti að framlengja samninga frá 1. des. sl. gegn því að þessi 3% kauphækkun yrði ekki greidd. Ríkisstjórnin tók síðan í taumana sem stjórna forystu BSRB. Stjórn og samninganefnd BSRB afsalaði sér síðan þessari þriggja prósentu kauphækkun gegn breytingum á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Laugardaginn í Dymbilviku kom saman hópur opinberra starfsmanna til að hefja starf gegn samkomulaginu. Hópurinn kallar sig Andóf '79 og þar er fólk úr öllum flokkum. Andóf '79 mun standa fyrir margvíslegum aðgerðum, meðal annars vinnustaðafundum, blaða- eða dreifiritaútgáfu og almennum fundi.

Það er ljóst að andstaða er gegn samkomulaginu þótt stjórn BSRB geri allt sem í hennar valdi sé til að kæfa hana og fela. Þannig hafa til dæmis ályktanir ýmissa félaga gegn samkomulaginu ekki fengist birtar í Ásgarði, málgagni BSRB. Fundirnir sem stjórnin heldur um þessar mundir úti á landi eru einhliða áróður fyrir samkomulaginu.

Verkefni Andófs '79 er því að virkja og skipuleggja þá andstöðu sem er fyrir hendi og vekja fleiri til þátttöku.

Hreyfingin mun starfa í nánum tengslum við fólk á vinnustöðunum og æskja samstöðu með þeim félögum sem mótmælt hafa samkomulaginu og öðrum sem leggja vilja til málanna.

Allsherjaratkvæðagreiðslan 3. og 4. maí er eina tækifæri launþega til þessa til að brjóta skarð í þann múr samningamakks og baktjaldapukurs sem ríkisstjórnin hefur reist með aðstoð vina sinna í forystu stéttarfélaganna.

Þetta tækifæri til að veita þeim verðuga ráðningu og hrinda kjaraskerðingarherferðinni má ekki láta ónotað.

Kommúnistaflokkur Íslands 3ja ára

Þann 15. apríl sl. voru þrjú ár liðin frá stofnun Kommúnistaflokks Íslands.

Þrátt fyrir margháttaða erfiðleika sem flokkurinn hefur átt við að stríða á þessu skeiði sér víða merki starfs hans.

Í andheimsvaldabaráttunni hefur flokkurinn ætíð lagt ríka áherslu á baráttu gegn allri heimsvaldastefnu og gegn stríðsundirbúningi risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Þessi stefna flokksins hefur hlotið verulegan hljómgrunn meðal fólks í andheimsvaldabaráttunni á Íslandi innan Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Í verkalýðsmálum leggur flokkurinn áherslu á baráttu gegn stéttasamvinnu og fyrir því að gera stéttarfélögin að raunverulegum baráttutækjum vinnandi fólks. Kommúnistaflokkurinn leggur einn flokka áherslu á kröfuna um lífvænleg laun fyrir dagvinnu. Núverandi ástand stéttarfélaganna er slíkt að flest þeirra eru meira og minna fjarstýrð úr miðstjórnum borgaralegu flokkanna. Kommúnistaflokkurinn lítur svo á að til forystu stéttarfélaganna eigi að veljast einarðir og baráttufúsir menn sem hafi enga aðra hagsmuni en fjöldans.

Á þessum tímamótum getum við fagnað því að sameining allra marx-lenínista í einn flokk hefur aldrei verið jafnnálæg og nú.

Styrking og efling marx-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi er nauðsyn og ekki síst nú þegar endurskoðunarsinnar Alþýðubandalagsins róa að því öllum árum að flækja stéttarfélögin enn frekar í net stéttasamvinnunnar.

Látum árangurinn af þriggja ára starfi Kommúnistaflokks Íslands verða hvata til enn stærri sigra.



ÚR BARÁTTUNNI

ÍHALDIÐ STYÐUR RÍKISSTJÓRNINA...

Það vekur talsverða athygli að íhaldið beitir sér lítið gegn samkomulagi stjórnar BSRB og ríkisins. Menn áætla ástæðuna vera hræðslu við að þurfa að fara í ríkisstjórn ef þessi félli. Þá kæmi nefnilega í ljós að íhaldið hefur nákvæmlega sömu stefnuskrá og núverandi stjórn: þ.e. að lækka kaupið til að bjarga gróða auðherranna, eins og fólki er raunar í fersku minni.

Munurinn er sá einn að núverandi ríkisstjórn lækkar kaupið mótmælalaust í krafti ítaka sinna í verkalýðsforystunni.

Íhaldsþingmaðurinn og fyrrv. fjármálaráðherra, Matthías Á Mathiesen, opinberaði skoðanir sína í mogganum nýlega. Að hans mati eiga kjarasamningar að gilda til mun lengri tíma en nú tíðkast. Hann telur einnig að þessi samningur eigi eftir að kosta mun meira en þau 3% sem lögð eru til hliðar.

Þeir fáu sem enn taka mark á mogganum hljóta í samræmi við þetta að styðja samkomulagið sem umtalsverðan sigur.

Það hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar að íhaldið styddi "vinstri"-stjórn.

...OG FYLKINGIN LÍKA!

Því má bæta við hér að hinum föngulega hópi stuðningsmanna samkomulagsins hefur bæst liðsauki þar sem Fylkingin er. Fylkingin telur þetta vera sigur sem vel sé þess virði að 3% séu látin af hendi fyrir.

Hér áður fyrr var það stefna Fylkingarinnar að veita Alþýðubandalaginu gagnrýninn stuðning. Eitthvað virðist hafa dofnað yfir gagnrýninni, í seinni tíð og stuðningurinn stendur einn eftir.

Kínversk verkalýðsfélög og öryggi á vinnustað

Verkalýðsfélög í Kína hafa rétt til þess að stöðva vinnu og loka verksmiðjum ef öryggismál eru ekki í tilhlýðilegu horfi.

Þetta og fleira varðandi þessi mál kemur fram í dreifibréfi sem yfirstjórn stéttarfélaga í Kína hefur sent frá sér til allra verkalýðsfélaga landsins.

Verkalýðsfélögin geta krafist úrbóta í öryggismálum á vinnustað og gefið til þess ákveðinn frest. Verkalýðsfélögin eiga líka að styðja verkamenn sem neita að vinna þegar framkvæmanlegar lagfæringar hafa ekki verið gerðar segir ennfremur í bréfinu.

Verkalýðsfélögin eiga einnig að vaka yfir því að umbætur séu gerðar og gagnrýna þá verksmiðjustjórnendur sem sinna þessu ekki. Ef verkamaður slasast eða deyr í vinnuslysi sem verksmiðjustjórnin ber ábyrgð á þá er það skylda verkalýðsfélagsins að sjá svo um að yfirvöld rannsaki málið gaumgæfilega. Verkalýðsfélög geta einnig lagt til við yfirvöld að tilteknir stjórnendur verði reknir ef um alvarlegt afbrot er að

Verkalýðsféög skulu einnig hvetja tæknimenntað starfslið til að vinna að fullkomnun vinnuslysavarna.

Verkalýðsfélög eiga að hafa eftirlit með að í verksmiðjum séu gerðar áætlanir og aðgerðir til að vernda líf og heilsu verkamannanna. Er þar bæði um að ræða vinnuslysavarnir og almenna heilsugæslu.

Að síðustu er tekið fram í téðu bréfi að verkalýðsfélög eigi að virkja verkamenn til að setja í gang aðgerðir til að auka öryggi á vinnustað hvenær sem þess er þörf. Þannig er stefnt að því að verkamenn verði meðvitaðri um aukið öryggi.

Markmið verkamanna og verkalýðsfélaga á ekki aðeins að vera að auka öryggi á vinnustað til að vernda líf og heilsu verkamanna heldur og hvað varðar umhverfisvandamál þannig að mengun verði haldið innan þeirra marka sem opinberar reglur segja til um.

Á þennan veg er ákvörðunarvald í öryggismálum á vinnustað fært í hendur þeirra sem málið varðar mest, verkamannanna sjálfra.

Sveigjanlegt vinnuálag íhaldsins

Stöðugt leitast íhaldið eftir því að auka gróða ríkis og atvinnurekenda á kostnað launafólks. Gífurlegur samdráttur á sér nú stað í atvinnumálum hins opinbera. Fyrirhugað er að fækka starfsfólki hjá ríki og bæ og þegar hafa verið hafnar á því framkvæmdir.

Allir þingflokkarnir eru samsekir í þessari samdráttarstefnu.

Samdráttarstefnan hefur ekki einungis í för með sér atvinnuleysi heldur einnig aukið álag á það fólk sem áfram starfar á viðkomandi stofnun.

Auðvaldið beitir þessari og ótal fleiri aðferðum til að ná hámarksnýtingu út úr vinnuaflinu.

Nýjasta aðferðin til að auka vinnuálagið og lengja vinnudaginn með lögboði kemur skýrt fram í frumvarpi sem íhaldið hefur nýverið lagt fram á Alþingi. Íhaldsþingmennirnir, þau Ragnhildur Helgadóttir og Friðrik Sófusson, hafa nú fylgt fram á þingi þeirri stefnu Sjálfstæðisflokksins að koma á s.k. sveigjanlegum vinnutíma. Þetta frumvarp þeirra tekur til þess "að kannað verði að hve miklu leiti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana" og að ríkisstjórnin "komi slíkri vinnutilhögun á þar sem slíkt þykir henta".

Sveigjanlegur vinnutími er í því fólginn að deginum er skipt í ákveðinn skylduvinnutíma t.d. frá kl. 10-15 en starfsfólkið skipti með sér mætingartíma milli kl. 8-10 og fer frá vinnu að 8 stunda vinnudegi loknum á tímabilinu 16-18. Tíminn frá kl 8-10 og 16-18 kallast sveigjanlegur vinnutími. Íhaldið hugsar sér jafnframt þann möguleika að hafa matartímann sveigjanlegan, svo enginn tími fari til spillis.

Þetta hefur í för með sér lengingu vinnudagsins í 10 stundir þó svo hver einstakling ur vinni sína 8 tíma. Vinnuálagið á sveigjanlega vinnutímanum verður óhjákvæmilega meira, þar sem þá eru færri starfsmenn við vinnu. Og atvinnurekandinn, í þessu tilviki ríkið, sparar sér yfirvinnugreiðslur.

Stéttarfélög verða að vera mjög á varðbergi gagnvart lymskulega fram settum breytingartillögum íhaldsins á vinnutilhögun. Stéttarfélög verða einnig að berjast gegn afskiptum ríkisvaldsins af áunnum réttindum launafólks.

Fundur hjá Sameiningu 1. maí

Sameining 1. maí gegn kjaraskerðingu heldur liðsmannafund laugardaginn 21. apríl á Hótel Borg kl. 3-5. Á fundinum munu Kristján Guðlaugsson Sumarliði Ísleifsson og Eggert Eggertsson flytja ræður og skemmtiatriði verða flutt, t.d. mun Hjördís Bergs flytja nokkur baráttulög. Kaffiveitingar verða seldar á fundinum "á vægu verði" eins og þar stendur. Mætum öll á liðsmannafundinn á laugardaginn og sýnum að við viljum sameiningu 1. maí gegn kjaraskerðingu.

Um verkalýðsbókmenntir

Dufþakur

Í sunnudagsblaði Þjóðviljans 8. apríl fjallar menningarskríbent blaðsins, Árni Bergmann, um athyglisverða skáldsögu verkamanns í Svíþjóð, Karl Rune Nordkvist að nafni. Skáldsaga þessi ber heitið Hösten lång og fjallar um aldraðan verkamann, sem sagt hefur verið upp störfum fyrir aldurs sakir. Að loknum lestri þessarar skáldsögu kemst Árni að athyglisverðri niðurstöðu:

"Þegar ég les aftur yfir Hösten lång, sem mig langar að kenna í senn við félagslegt og líkamlegt raunsæi, þá kemur upp sú spurning, hvers vegna það sýnist svo óralangt í verkamannaskáldsögu hér hjá okkur sem svipuð væri að ágæti. Við eignumst endurminningar ágætar eins og þær sem Theodór Friðriksson skrifaði og Tryggvi Emilsson, en skáldsagan um erfiðismanninn, trúverðug og "nálæg", er enn ekki skrifuð. Og höfum við þó oft talið, að hér heima væru færri fljót óbrúuð milli "lærðra" höfunda og alþýðuskálda heldur en víða annarsstaðar."

Svo sannarlega voru þetta orð í tíma töluð. En hvað veldur þessu áhugaleysi íslenkra rithöfunda að taka til meðferðar daglegt lífsstrit verkalýðsins í bókmenntum? Er það kannski vegna þess að þeim þyki hversdagslegt strit, hversdagslegar áhyggjur erfiðismannsins lítt spennandi efni í skáldverki? Eða einfaldlega vegna þess að þeir hafa lítið sem ekkert kynnst lífi venjulegs alþýðufólks af eigin raun? Rithöfundar lifa margir hverjir í hálfgerðri einangrun, þeim er hugsanagangur hins óbreytta alþýðumanns ef til vill framandi.

Þó er hér tylft rithöfunda sem vilja kalla sig róttæka, sósíalista, vinstrisinna og þar fram eftir götunum. Og án efa eru sumir þeirra allir af vilja gerðir til að þjóna málstað verkalýðsstéttarinnar.

Verkalýðssinnaðar bókmenntir eru ekki á hverju strái. Segja má, að blómaskeið þeirra hafi verið á fjórða áratugnum, sem er eðlilegt að því leyti, að þá var verkalýðsbaráttan hörðust og stéttarvitund útbreiddari en nú gerist. Þekkt skáld eins og Halldór Laxness, Þórbergur Þórðarson og Jóhannes úr Kötlum áttu þar stóran hlut að máli.

Frá þeim tíma er Ísland gerðist aðili að Nató illu heilli og bandarískt herlið settist hér að hafa þessi vinstrisinnuðu skáld nær eingöngu einbeitt sér að þeim áhrifum sem slíkt hafði fyrir þjóðlíf og menningu. Minni áhersla var aftur lögð á að lýsa kjörum og aðbúnaði óbreyttrar alþýðu. Vissulega ber ekki að lasta þá viðleitni rithöfundanna að leggja lið baráttunni gegn erlendri hersetu og áhrifum amerískrar múgmenningar. Síður en svo.

Í rauninni kemur það manni dálítið spánskt fyrir sjónir, að þessu hugðarefni, brauðstriti verkamannsins, eilífri baráttu hans fyrir sómasamlegum kjörum og réttindum, daglegum vandkvæðum, skuli ekki hafa verið gerð skil í íslenskum bókmenntum, svo vit sé í, ef hafður er í huga sá sægur af bókum sem hér eru skrifaðar, margar hverjar af fólki, sem lítið sem ekkert hefur haft af æðri menntun að segja.

Er ekki kominn tími til að skrifa almennilega verkamannaskáldsögu?

Mótmælaaðgerðir íslendinga í Gautaborg 30. mars

Íslendingar í Gautaborg, námsmenn og vinnandi fólk, stóðu fyrir mótmælaaðgerðum í Gautaborg 30. mars sl. í tilefni af 30 ára veru Íslands í Natō. Aðgerðirnar voru margháttaðar og þóttu takast hið besta.

Stéttabaráttunni hafa borist fréttir af aðgerðum þessum. Hér að neðan er birt fréttatilkynning 30. mars nefndarinnar og ályktun frá mótmælastöðunni til íslensku ríkisstjórnarinnar.

Myndirnar á síðunni eru teknar af mótmælastöðunni við íslenska konsúlatið.

FRÉTTATILKYNNING.

Eftirfarandi er fréttatilkynning frá 30. mars nefndinni í Gautaborg.

Í tilefni 30 ára inngöngu Íslands í NATÓ var ákveðið að minnast þess með ýmisskonar mótmælaaðgerðum hér í Gautaborg. Voru aðgerðirnar þríþættar:

1. Mótmælastaða við íslenska konsúlatið föstudaginn 30, mars kl. 09.00-18.00. Þar var staðið með mótmælaborða er á stóð Island ur Nato - basen bort. Dreift var flugriti í 2000 eintökum og spunnust um það miklar umræður við sænska vegfarendur.

Kl. 15.30 var afhent mótmælaskjal til íslensku ríkisstjórnarinnar og tók á móti því konsúllinn, Björn Steenstrup. Ekki var öllum þátttakendum mótmælastöðunnar leyft að vera viðstöddum afhendinguna heldur einungis þremur, þar af einum ljósmyndara.

Öflugur lögregluvörður var við konsúlatið allan tímann, inngangurinn að skrifstofunni hafði verið girtur af. Vakti þetta athæfi mikla óánægju fólks.

Fjöldi mótmælenda var frá ca 10 og upp í 60 þegar flest var við afhendingu skjalsins. Margir gátu ekki tekið þátt allan tímann vegna skóla og vinnu. Sent var skeyti til baráttusamkomu herstöðvaandstæðinga í Háskólabíói.

2. Mótmælafundur í Folkets hus laugardaginn 31. mars kl. 14.00-17.00. Var þar flutt ávarp fyrir hönd nefndarinnar, sönghópurinn Farfuglar söng ýmis baráttulög og gestur fundarins, Þórarinn Eldjárn, las smásögu og ljóð. Að lokum flutti Elvar Loftsson erindi um inngöngu Íslands í NATÓ og komu hersins. Síðan fóru fram almennar umræður. Í þeim kom fram sterk óánægja með þátttöku Alþýðubandalagsins í tveimur vinstri stjórnum á þess að þessi mál væru tekin föstum tökum. Einnig voru menn sammála um mikilvægi tjöldabaráttu og ekki væri rétt að treysta á ákveðna þingflokka málum þessum til framdráttar.

Á fundarstað var bókaborð með bæklingum, merkjum, veggspjöldum o.þ.h. og seldist það mjög vel.

Í tilefni þessara aðgerða hafði íslenskur listamaður hér í borg gert veggspjald og seldust nokkrir tugir af því.

3. Baráttusamkoma um kvöldið. Var þar stiginn dans fram eftir nóttu og þóttu aðgerðirnar í heild hafa tekist mjög vel. Á fundinn í Folkets hus komu um áttatíu manns og á samkomuna um kvöldið ca 100.



Um það bil tíu manns hófu aðgerðirnar.

Kröfur aðgerðanna voru eftirfarandi:

1. Ísland úr Nató-Herinn burt.
2. Þjóðaratkvæðagreiðsla.
3. Afhjúpið hið falska hlutleysi Svíþjóðar. Krefjist þess að Svíþjóð hætti hinni umfangsmiklu hernaðarlegri og pólitískri samvinnu við Bandaríkin og Nató. (Þessi krafa var sett fram til svía í dreifiritinu).
4. Til baráttu gegn allri heimsvaldastefnu.

Þess má að lokum geta hér að reynt var samstarf við Sænsk-íslenska félagið í Gautaborg. Var í því sambandi reynt að að láni félagaskrá en því var harðlega neitað. Vakti það mikla óánægju félagsmanna því margir þeirra höfðu ekki hugmynd um aðgerðirnar og dró það af leiðandi úr þátttöku. Ætlunin var að sjálfsögðu að senda út fréttatilkynningu til þeirra um mótmælin.

Fundinum í Folkets hus barst einnig skeyti frá íslenskum verkamönnum í Borås þar sem lýst var yfir stuðningi við aðgerðirnar og hvatt til baráttu gegn allri heimsvaldastefnu.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða í lok mótmælastöðunnar við íslenska konsúlatið í Gautaborg. Hún var afhent Björn Steenstrup konsúl.

Til ríkisstjórnar íslenska lýðveldisins,
c/o Ólafur Jóhannesson.

Það er lýðum ljóst að þátttakan í NATÓ og vera hersins á Íslandi er ekki til þess að verja sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar. Nægir í því sambandi að benda á viðbrögð Bandaríkjanna og NATÓ við yfirgangi breta þegar Ísland hefur fært út fiskveiðilögsöguna.

Við mótmælum því að Ísland skuli vera liður í alþjóðlegu ofbeldiskerfi Bandaríkjanna og NATÓ, varðhundur þeirra í Norður-Atlantshafi.

Við mótmælum veru bandarísks herliðs á Íslands, herliðs sem hefur það hlutverk að tryggja áframhald auðvaldsskipulag á Íslandi, vernda íslensku burgeisana fyrir íslensku verkalýðsstéttinni.

Við fordæmum það gerræði íslensku valdhafanna að leggja ekki eins mikilvægt mál og inngönguna í NATÓ og komu erlends herliðs til landsins undir þjóðaratkvæði.

Við krefjumst af ríkisstjórn íslenska lýðveldisins:
ÍSLAND ÚR NATÓ - HERINN BURT - ÞJÓÐARATKVÆÐI.



Íslensku þátttakendunum fjölgaði verulega þegar leið á daginn.

Háskóli Íslands

Frh. af forsíðu.

síðar sem þýðir stóraukið vinnuálag á 2. og jafnvel 3. ári.

Stb. hafði samband við Björgvin R. Leifsson, fulltrúa í fjármálanefnd VR-d, og innti hann eftir áliti hans á málinu og viðbrögðum stúdenta. Sagði hann að þessar aðgerðir Stærðfræðiskorar hefðu komið sér á óvart því ekki hefði hann búist við að þetta yrði svona opinskátt. Sagði Björgvin að hann hefði fengið þetta í hendur í síðustu viku og ætlaði hann að láta stúdenta við Stærðfræðiskor fá fjárhagsáætlun skorarinnar í hendur (og raunar myndu stúdentar hverrar skorar í VR-d fá áætlun sinnar skorar) en ekki gæti hann sagt neitt um það á þessu stigi hver viðbrögð stúdenta verða. "Vonast ég þó til að þeir láti ekki bjóða sér þetta þegjandi og hljóðalaust" sagði Björgvin að lokum.

ÚR BARÁTTUNNI

ENN UM FÓSTUREYÐINGAR

Enn eru fóstureyðingar komnar á dagskrā. Frumvarp sem nú liggur fyrir alþingi gengur í þá átt að afnema rétt til fóstureyðinga vegna félagslegra aðstæðna.

Það þarf ekki að rifja upp hve stórt skref þessi réttur kvenna var á sínum tíma. Þetta var árangur af baráttu og því þarf baráttu nú gegn þessari hugmynd um að ganga skrefið til baka.

Það mælir egninn móti því að fóstureyðing er neyðarúrræði og konur nota ekki slíkt sem "getnaðarvörn" eins og stundum er látið í veðri vaka.

Flutningsmaður tillögunnar, íhaldsþingmaðurinn Þorvaldur Garðar Kristjánsson, bendir réttilega á að það þarf að bæta þessar félagslegu aðstæður sem valda því að fólk getur ekki átt börn. En eins og bent hefur verið á er byrjað á vitlausum enda. Eina rétta skrefið er að bæta fyrst félagslegar aðstæður einstæðra mæðra og annarra og þá mun fóstureyðingum af þessum völdum fækka af sjálfu sér.

Það er ekki hægt að skoða tillögu þingmannsins sem annað en árás á réttindi kvenna.

Alvara yfirvalda í þessum efnum sést gleggst á því að á sama tíma og þessi umræða kemur upp þá bollaleggja yfirvöld að leggja niður Mæðraheimilið sem einmitt hefur verið mörgum mæðrum sem búa við ótryggt öryggi einasta athvarfið eftir barnsburð. Samkvæmt nýjum fréttum virðist þó hafa verið ákveðið að leggja ekki niður þessa stofnun.

Það er samt full ástæða til að vernda þennan rétt og berjast hart gegn atlögum að honum. Jafnframt hljótum við að krefjast úrbóta í málefnum einstæðra mæðra.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR. 5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR. 7000.-

TIL ÚTLANDA : KR. 13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR. 500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
15.tbl. 8.árg. 17.4.1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.


Flotastöð í Cam Ranh flóa í Vietnam:

Áður amerísk flotastöð - nú sovésk

Sovétmenn hafa tekið í notkun stóra ameríska flotastöð við Cam Ranh flóa í Víetnam. Þarna er um að ræða einhverja bestu og fullkomnustu flotaaðstöðu á strönd Suðaustur-Asíu. Ameríkanarnir höfðu eytt í hana milljónum dala þegar þeir voru sigraðir árið 1975.

Það er táknrænt fyrir breytta stöðu Víetnams að rússar hafa nú slegið eign sinni á þessa stöð.

Samkvæmt víetnömskum heimildum nota sovéskir þessa höfn fyrir sovéski herskip. Víetnamar telja þetta eðlileg samskipti og segja þau byggð á "grundvelli vináttu". Það má minna á að herstöðin á Miðnesheiði er líka á "grundvelli vináttu"



Þetta 16000 tonna herskip er meðal þeirra sem sveimað hafa um strendur Víetnams. Nú er allt útlit fyrir að sovétmenn hafi sest að í amerískri flotastöð í Víetnam

Fyrir skömmu voru þrjú herskip í höfninni sem ekki hefur verið notuð síðan 1975. Í þessari flotastöð er geysigóð aðstaða. Þar eru góðar hafnir, geymslubyggingar flugvöllur, aðstaða til skipaviðgerða og fullkomin tæki til fermingar og affermingar skipa.

Stöðin liggur á hernaðarlega mikilvægu svæði í Suður-Kínahafi og er mikil viðbót við aðstöðu sovéska flotans á þessum slóðum. Sovétmenn hafa auk þessarar aðstöðu aðeins eina flotahöfn fyrir skip á þessu svæði, þ.e. í Vladivóstok í Síberíu. Þarna getur sovéski flotinn sótt ýmsa þjónustu, s.s. viðgerðir sem annars þyrfti að sækja mun lengra eða til Vladivóstok.

Handan Kínahafsins, í Subic-flóa á Filippseyjum, er amerísk flotastöð.

Að vernda sig og sína

Ellefu sovésk skip, herskip og njósnaskip hafa siglt eftir strandlengju Víetnams allt frá því stríð Kína og Víetnams hófst. Auk þess að njósna fyrir víetnama og "hræða" kínverja áttu þessi skip að vernda sovésk flutningaskip sem sigldu með stríðsgóss til Víetnams.

Því hefur verið haldið fram að víetnömsk yfirvöld hafi verið andsnúin því að rússar tækju þessa flotastöð og gerðu hana að sinni stærstu flotaaðstöðu á svæðinu. En Víetnam er orðið æ háðara Sovétríkjunum, m.a. eftir innrásina í Kampútseu og ósigurinn gegn kínverjum, og hefur meðal annars þess vegna ekki verið stætt á að hafna þessari kröfu sovétmanna.

Víetnamar viðurkenna innrás í Kampútseu.

Það hlýtur líka að teljast til frétta að víetnamar hafa viðurkennt að hafa gert innrás í Kampútseu. Fram að þessu hafa víetnamar alltaf haldið því fram að einungis hafi verið um að ræða uppreisn sk. Þjóðfrelsishreyfingar Kampútseu.

Hún var raunar stofnuð í Víetnam stuttu fyrir innrásina.

Utanríkisráðherra Víetnams, Nguyen Duy Trinh, sagði þetta í viðtali við fréttaritara franska blaðsins L'Humanité.

Enn hart barist í Kampucheu

framhald af forsíðu

hinnar svonefndu "frelsishreyfingar Kampútseu. Hún var opinberlega stofnuð í desember á síðasta ári og forystumenn hennar höfðu lítt komið við sögu frelsisbaráttunnar gegn bandaríkjamönnum. Heng Samrin, sem titlaður er foringi þessarar hreyfingar, var nánast óþekktur fyrir innrásina. Nú hafa hins vegar komið fram staðreyndir, sem tengja hann við njósnir fyrir víetnömsk yfirvöld innan Kampútseu.

Að því er tveir bandarískir menntamenn, sem nýlega voru í heimsókn í Kampútseu segja, var Hang Samrin sendur til Kampútseu árið 1959 í því skyni að njósna fyrir Víetnama. Þessir tveir bandaríkjamenn, Steven R. Heder og George C. Hildebrand, hafa áður skrifað mikið um málefni Kampútseu og eru öllum hnútum kunnugir. Þeir segja í viðtali við bandaríska vikuritið The Call, sem gefið er út af Kommúnistaflokki Bandaríkjanna m-l, að þeir hafi séð skjal sem blaðamaður nokkur hafði fengið í hendur hjá víetnömskum yfirvöldum árið 1978. Á titilsíðu þessa skjals, sem hafði að geyma mikilvægar innri upplýsingar frá kampútsíska Kommúnistaflokknum um varnarmál, stóð skrifað "Komið vinsamlegast þessu skjali til félaga Rin, nefndarformanni fjórðu herdeildar austurhlutans". Þessi Rin mun vera hinn sami Heng Samrin, sem síðar varð foringi víetnömsku innrásarinnar. Það er ótrúlegt að skjalinu hafi verið stolið frá honum á þessum tíma og líklegast er að hann hafi fengið Víetnömum það í hendur. Margt fleira bendir einnig til þess að hann hafi verið virkur sem njósnari fyrir víetnama allar götur frá árinu 1959.

Nauðsyn hagræðinga í landbúnaði

Ef dregið er úr framleiðslu veldur það atvinnuleysi hjá þeim sem hafa atvinnu beint eða óbeint af framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Auk þess veldur þetta byggðaröskun sem gæti leitt af sér samdrátt og jafnvel hrun. Nú er fóðurbætir á kind um 20kg á ári eða 17-18.000 tonn í allt. Það er mögulegt að framleiða hér innanlands allt það kjarnfóður sem þarf í sauðfjárrækt (hins vegar er æskilegt að draga úr kjarnfóðurgjöf í mjólkurframleiðslu). Auðvitað er það gjaldeyrissparandi að framleiða kjarnfóður innanlands. Innlend kjarnfóðurframleiðsla gæti með tímanum staðið jafnfætis erlendri framleiðslu að verði og gæðum.



Nú eru gjaldeyristekjur af unnu og óunnu hráefni frá sauðfé um 7 milljarðar á ári sem er 6-7% af heildarvöruútflutningi. Kvótakerfið hefði hamlandi áhrif á þá sem eru að byrja búskap. Heppilegasta bústærð er um 350-400 ærgilda bú. Með aukinni hagræðingu væri hægt að auka framleiðslu og lækka kostnað. Fjölskyldubúið (þ.e. eins konar viðmiðunarbú eða u.þ.b. 350 ærgildi skv. útreikningum verðlagsgrundvallar) gæti framleitt um 12-15 tonn á ári í stað 7-8 tonna sem það framleiðir nú. Framtíð sauðfjárræktar byggist á því að kostnaður verði lækkaður

Verðlag á landbúnaðarvörum er ekki hærra hér en annars staðar en kaupgeta fólks er lítil, þ.e.a.s. kaupmáttur launa hér á landi er jafnvel meira en helmingi minni en t.d. í Hollandi, Noregi eða Svíþjóð.

Seinagangur í þessum málum er vítaverður. Nauðsynleg rannsóknastörf eru fjárhagslega svelt sem hefur áhrif á t.d. grasfrærannsóknir en slíkar rannsóknir eru mjög nauðsynlegar þar sem þær gætu e.t.v. leitt til framleiðslu á íslensku grasfræi en grasfræ er mikið innflutt nú.

Hvers vegna eru málin svona? Vitað er að vissir aðilar, nefnilega heildsalar, hafa hag af að flytja inn hluti eins og fóðurbæti og grasfræ. SÍS-auðhringurinn hefur t.d. mikilla hagsmuna að gæta í þessu sambandi og aðstaða auðherranna þar er slík að þeir ráða í raun og veru ferðinni í þessum málum. Stórbændur græða að sjálfsögðu á þessu en smábændur og raunar flestir bændur mundu komast mun betur af með innlenda framleiðslu á hlutum eins og hér hafa verið upp taldir. Eitt af því sem þarf að gerast til að breytinga megi vænta er samstaða verkafólks í bæjum og smábænda til sveita. Hagsmunir þessara aðilja fara vissulega saman og það er eingöngu í þágu stórauðvaldsins í landinu þegar þeim er att hvor gegn öðrum (t.d. með því að stöðva niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og með hinum mikla söluskatti á þeim sem ætti að fella niður). Til þess að af þessari samstöðu megi verða er nauðsynlegt að verkafólk geri sér grein fyrir því að hinn almenni bóndi ræður engu um verð á landbúnaðarafurðum - það er SÍS-auðvaldið og stærstu bændur sem þar ráða lögum og lofum.

Áskrift

Ég undirrit(aður/uð) óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík